

Ár 2006, 19. desember 2006, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að taka ákvörðun um greiðslu í styrktarsjóð fyrir prófessora og embættismenn sem heyra undir úrskurðarvald kjararáðs

I.

Kjararáð hefur haft til umfjöllunar erindi sem barst kjaranefnd frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, FFR, dagsett 28. nóvember 2005, þar sem óskað var eftir að stofnaður yrði sérstakur sjóður, Styrktar- og sjúkrasjóður forstöðumanna sem tryggði sambærileg kjör og samið hefði verið um við Bandalag háskólamanna (BHM) og fleiri. Kjaranefnd leitaði til BHM til að kanna hvort þeir sem undir úrskurðarvald hennar heyrðu varðandi laun og önnur starfskjör gætu fengið aðild að Styrktarsjóði BHM. Kjaranefnd lauk ekki meðferð málsins og tók kjararáð við því. Hinn 30. október barst kjararáði bréf, dagsett 26. október 2006, frá framkvæmdastjóra BHM fyrir hönd BHM og styrktarsjóðs BHM. Í bréfinu sagði að stjórn styrktarsjóðs BHM hefði samþykkt að „veita þeim einstaklingum sem um ræðir aðgang að sjóðnum“. Kjararáð telur þessa niðurstöðu fullnægjandi fyrir félagsmenn í FFR.

II.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2007 skal launagreiðandi greiða sérstakt framlag, sem svarar til 0,55% af heildarlaunum prófessora og þeirra embættismanna sem kjararáð ákveður laun, í Styrktarsjóð Bandalags háskólamanna. Að öðru leyti skulu ákvæði um önnur starfskjör vera óbreytt frá fyrri ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Svanhildur Kaaber